

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 28. febrúar 2006.

Efni: Frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsóknna hf. (387. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur það í sér að heimilt verði að stofna hlutafélag um rekstur nokkurra rannsóknarstofnanna.

Kostir þess að breyta stofnunum í hlutafélag eru aðallega þeir að það einfaldar einkavæðingu í kjölfarið auk þess sem ábyrgð stjórnenda er skýrari. Gallarnir eru hinsvegar þeir að stofnanir sem verða að hlutafélögum hafa meiri tilhneigingu til að hegða sér eins og einkaaðilar, t.d. er aukin hættu á því að stofnunin hefji samkeppni við einkaaðila. Það hefur lengi verið stefna Viðskiptaráðs að ríkið eigi að hætta þeirri starfsemi sem einkaaðilar geta innt jafn vel eða betur af hendi. Í greinargerð með frumvarpi þessu er fjallað um samkeppni á þessu sviði og nefndir eru einkaaðilar í þessum geira. Það er hætt við því að hið nýja hlutafélag muni taka af fullum þunga þátt í samkeppni við þessi fyrirtæki. Samkeppni getur aldrei talist heilbrigð á meðan opinberir aðilar eða fyrirtæki í þeirra eigu taka þátt í henni.

Á blaðsíðu 57-65 í nýútkominni skýrslu Viðskiptaráðs sem ber nafnið Ísland 2015 er fjallað um sameiningu ríkisstofnana. Er þar farið yfir ýmis tilvik frá árinu 1999 þar sem ríkisstofnanir voru sameinaðar. Kom á daginn að sameining leiddi aldrei til minni kostnaðar þrátt fyrir að greinargerðir reiknuðu með öðru. Viðskiptaráð hefur því enga ástæðu til að ætla að fyrirheit í greinargerð frumvarpsins um hagræðingu sem af þessu leiðir muni ganga eftir. Í 2. mál. 1. mgr. 5. gr. segir að félagið skuli bjóða öllum starfsmönnum, ríkisstofnanna sem félagið tekur við verkefnum af, vinnu. Vandséð er að hagræðing leiði af sameiningu ef störfum er ekki fækkað, enda eru laun yfirleitt stærsti útgjaldaliður stofnana. Ráðið hvetur alþingismenn sem hluta fjárveitingarvaldsins til að kynna sér efni skýrslunnar vel. Í kjölfarið er mikilvægt að þingmenn veiti ekki meiri fjármunum til stofnana eftir sameiningu.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að hinu nýja félagi verði heimilt að stofna önnur félög og fyrirtæki. Slík opin heimild skapar hættu á að félagið fari út í verkefni sem einkaaðilar eru jafn vel eða betur í stakk búnir til að sinna. Jafnframt er hættu á því að félagið hefji samkeppni við einkaaðila. Slík samkeppni væri mjög óæskileg enda getur hún aldrei verið á jafnréttisgrunni á meðan ríkið er þátttakandi í henni.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson